



Fundargerð stjórnar HSÍ

Þriðjudagurinn 8. maí 2018



Fyrsti fundur 61. stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal HSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, þriðjudaginn 8. maí 2018 kl.12.00

Mættir voru: Davíð B. Gíslason, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Hjalti Þór Hreinsson, Hjördís Guðmundsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Reynir Stefánsson, Þorbergur Aðalsteinsson og Þorgeir Haraldsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Arnar Þorkelsson, Karl Daníelsson.

Fjarverandi: Enginn

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Verkaskipting og fundartími stjórnar
GBÓ lagði til verkefnaskiptingu stjórnar. Lagt var til að Davíð B. Gíslason yrði varaformaður, Arnar Þorkelsson yrði gjaldkeri, Hjördís Guðmundsdóttir yrði formaður markaðs- og kynningarnefndar, Hjalti Þór Hreinsson yrði formaður mótanefndar, Reynir Stefánsson yrði formaður dómarnefndar, Þorgeir Haraldsson yrði formaður fræðslu- og útbreiðslunefndar, Guðríður Guðjónsdóttir formaður landsliðsnefndar kvenna og Þorbergur Aðalsteinsson formaður landsliðsnefndar karla. Tillaga formanns var samþykkt samhljóða. Ákveðið var að fastur fundartími stjórnar yrði fyrsti miðvikudagur í mánuði kl.12.00.
3. Bréf frá ÍBV varðandi Bjarna Fritzon og önnur agamál
RG og DBG röktu aðeins forsögu málsins en deildan snýst um ummæli Bjarna í fjölmiðlum sem og meinta misnotkun hans á æfingum landsliðs. ÞH benti á að skerpa þarf verulega á siðareglum þjálfara og þeirra störfum fyrir HSÍ. Ummæli Bjarna voru send í réttan farveg innan HSÍ en þeim var vísað til aganefndar sem kom með niðurstöðu í málið. Þar með var því lokið og mun stjórn ekki taka það frekar upp.
4. Úthlutun afrekssjóðs
RG kynnti fyrir stjórn úthlutun afrekssjóðs og framtíðarsýn sjóðsins. RG fer á fund með afrekssviði ÍSÍ miðvikudaginn 9. maí til frekari viðræðna.
5. Reglugerð um þjóðarleikvanga
Ný reglugerð um þjóðarleikvanga hefur verið gefin út af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. GBO rakti aðeins hvaða vinna hefur átt sér stað varðandi þjóðarleikvang fyrir handknattleik. Búið er að boða að fundur verði með ráðherra, borgarsjóra, HSÍ og KKÍ varðandi stöðu mála og mun HSÍ setja pressu á að boðað verði til fundar hið fyrsta.
6. Lokahóf HSÍ
Samþykkt var að lokahóf HSÍ yrði föstudaginn 25. Maí í Gullhömrum.
7. Önnur mál
 - a. A landslið karla
Leikið verður gegn Litháen í sumar í undankeppni HM. Fyrri leikurinn er úti föstudaginn 8. júní. Heimaleikurinn er miðvikudaginn 13. júní í Laugardalshöll. RG fær heimild stjórnar til að skoða möguleika þess að selja bjór til hliðar á leiknum. Ákveðið var að þessi leikur yrði ekki kveðjuleikur fyrir eldri leikmenn.
 - b. A landslið kvenna
RG kynnti verkefni kvennalandsliðsins sem eru framundan. Valin hefur verið 21 manna hópur sem mætir Tékklandi og Danmörku í undankeppni EM í lok maí og leikur 2 vináttulandsleiki



við Japan í kjölfarið á leiknum við Danmörku. Þá mun Elías Már Halldórsson taka við sem aðstoðarþjálfari kvennalandsliðs í sumar af Jónatan Magnússyni.

c. **Master coach námskeið á Íslandi**

Ákveðið var að stefna að því að hefja Master coach námskeið á Íslandi 2019. Fræðslunefnd mun taka málið áfram með skrifstofu HSÍ.

Næsti fundur stjórnar HSÍ er miðvikudaginn 6. júní kl.12.00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari